

25. MAÍ  
2023

HARPA  
ELDBORG

# Ungir einleikarar



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

**Tímalengd verka:**

Lohengrin, forleikur 9'  
La flûte enchantée 3'  
Oh, la pitoyable aventure! 3'  
Víólukonsert 27'  
Lohengrin prelúdíá 3'  
O du mein holder Abendstern 6'  
Lied der Lulu 3'  
Ah, Belinda 5'  
When I am laid in Earth 4'  
Songs of Travel 8'  
Großmächtige Prinzessin 12'

**Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV og verður útvarpað 28. maí.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Ungir einleikarar

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Nathanaël Iselin**

hljómsveitarstjóri

**Ólafur Freyr Birkisson**

einsöngvari

**Ragnheiður Ingunn****Jóhannsdóttir**

einsöngvari og  
hljómsveitarstjóri

**Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir**

einsöngvari

**Þórhildur Magnúsdóttir**

einleikari

**Richard Wagner**

Lohengrin, forleikur (1850)

**Maurice Ravel**

La flûte enchantée,  
úr Shéhérazade (1903)

Oh, la pitoyable aventure!

Áría Concepción úr L'heure espagnole (1911)

**William Walton**

Víólukonsert (1928-29)

I. Andante comodo

II. Vivo, con molto preciso

III. Allegro moderato

**Hlé****Richard Wagner**

Lohengrin, prelúdía úr 3. þætti (1850)

O du mein holder Abendstern

áría Wolframs úr Tannhäuser (1845)

**Alban Berg**

Lied der Lulu

áría Lulu úr samnefndri óperu (1934)

**Henry Purcell**

Ah, Belinda

When I am laid in Earth

aríur Dido úr Dido og Aeneas (1685)

**Ralph Vaughan Williams**

Tvö ljóð úr Songs of Travel (1904)

1. The Vagabond

7. Whither Must I Wander

**Richard Strauss**

Großmächtige Prinzessin

áría Zerbinettu úr Ariadne auf Naxos (1912)

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).

## **Einleikara- og einsöngvarakeppni Sinfóníu- hljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands**

Ungir einleikarar er samstarfsverkefni LHÍ og Sinfóníu-  
hljómsveitar Íslands en sigurvegarar keppinnar fá tækifæri til þess að koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni á glæsilegum tónleikum. Keppnin er opin nemendum á öllum stigum háskólanáms án aldurstakmarks og er nú haldin í tuttugasta sinn.

Keppninni er skipt í tvær umferðir. Í fyrri umferð sem haldin var 31. október 2022 var fjöldi innsendra umsókna 23. Í seinni umferð sem fór fram 5. janúar 2023 kepptu sjö einsöngvarar og einleikarar um að koma fram með hljómsveitinni. Sigurvegarar keppinnar í ár eru þrír en auk þeirra kemur einn sigurvegari fram frá því í keppninni í fyrra.

### **Dómnefnd**

Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari SÍ, Hildigunnur Einarsdóttir, söngkona og Nathanaël Iselin, staðarhljómsveitarstjóri SÍ og stjórnandi tónleika kvöldsins.

### **Ritun texta í tónleikaskrá**

Ungu einleikararnir sem koma fram á tónleikunum í kvöld sáu um ritun texta í tónleikaskrá.



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS**



# NATHANAËL ISELIN

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómsveitarstjórinn Nathanaël Iselin hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarhæfileika sína á undanförunum árum. Hann er aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Árósa og hlaut í fyrra fyrstu verðlaun í hinni virtu Panula-hljómsveitarstjórakeppni sem haldin er í Vaasa í Finnlandi.

Iselin lærði hljómsveitarstjórn við fjóra af kunnustu tónlistarháskólum Evrópu: Sibeliusarakademíuna í Helsinki, Conservatoire National Supérieur de Musique í París, Hochschule der Künste í Zürich og Konunglega danska tónlistarháskólann. Meðal lærimeistara hans voru Mariss Jansons, Susanna Mälkki og Jorma Panula. Iselin er einnig slagverksleikari og hefur meðal annars leikið með Ensemble Intercontemporain og Óperuhljómsveitinni í Limoges.

Á síðasta starfsári stjórnaði Iselin meðal annars Þjóðarhljómsveitinni í Montpellier og Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti í Finnlandi. Árið 2019 stjórnaði hann Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar á sérstökum hátíðartónleikum fyrir Margréti Þórhildi Danadrottningu. Nathanaël Iselin er staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2022 – 23 en honum bauðst staðan í kjölfar páskatónleika hljómsveitarinnar sem hann stýrði vorið 2022.



## ÞÓRGUNNUR ANNA ÖRNÓLFSDÓTTIR

### EINSÖNGVARI

Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir syngur allt frá barokki til nútímatónlistar, en hefur undanfarin ár verið að skapa sér sérstöðu við frumflutning nýrra verka, bæði sem einsöngvari og meðlimur tónlistarhópsins KIMI ensemble. Hún hefur frumflutt yfir 20 verk, m.a. fimm óperur, óratoríu og fjölda kammerverka eftir íslensk og erlend tónskáld. Þórgunnur einskorðar sig þó ekki við samtímatónlist og hefur t.a.m. túlkað hlutverk Ariodantes (Händel, Copenhagen Opera Academy) og Dido (Purcell, Kunstnerkollektivet Venteværelset). Hún hefur komið fram sem einsöngvari með Bang on a Can (BNA), Ensemble Storstrøm (DK) og Århus Sinfonietta (DK) og á döfinni eru m.a. tónleikar með Elju kammersveit, Kammersveit Reykjavíkur og Senatet (DK). Þórgunnur lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu dr. Þórunnar Guðmundsdóttur og Sigrúnar Hjálmtýsdóttur og síðar bakkalár- og meistaraþráðu frá Konunglega danska tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn undir leiðsögn Hönnu Hjort og Marianne Rørholm, ásamt því að nema við sólistadeild hjá Helene Gjerris prófessor. Þórgunnur er með BA-próf í íslensku og mannfræði frá Háskóla Íslands.



## ÞÓRHILDUR MAGNÚSDÓTTIR

### Einleikari

Þórhildur Magnúsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1999. Hún hóf fiðlunám fimm ára gömul í Tónskóla Sigursveins hjá Aðalheiði Matthíasdóttur og nam síðar hjá Auði Hafsteinsdóttur. Árið 2014 byrjaði hún að spila á víólu samhliða fiðlunni undir leiðsögn Helgu Þórarinsdóttur. Vorið 2019 lauk hún framhaldsprófi á víólu frá Menntaskóla í tónlist undir handleiðslu Þórunnar Óskar Marinósdóttur. Þórhildur er meðlimur í Elju kammersveit og kammerhópnum Trío Sól og hefur einnig sungið í Hamrahliðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur frá 2015. Þórhildur stundar meistaranám við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn þar sem kennarar hennar hafa verið Lars Anders Tomter og Asbjørn Nørgaard, víóluleikari Danska strengjakvartettsins. Síðastliðið ár hefur hún verið í skiptinámi við konservatoríð í Gent undir handleiðslu Diederik Suys. Þórhildur leikur á víólu sem smíðuð er af I. C. McWilliams í Berlín árið 2018.



# ÓLAFUR FREYR BIRKISSON

## EINSÖNGVARI

Ólafur Freyr Birkisson bass-baritón nemur söng við Lista-háskóla Íslands hjá Hönnu Dóru Sturludóttur, Kristni Sigmundssyni og Dísellu Lárusdóttur. Áður nam hann við Söngskólann í Reykjavík hjá Agli Árna Pálssyni og Hrönn Þráinsdóttur. Ólafur hefur farið með ýmis hlutverk á sviði. Þar má helst nefna Dante í verðlaunaóperunni Ekkert er sorglegra en manneskjan eftir Friðrik Margrétar-Guðmundsson og Adolf Smára Unnarsson, Vigfús í ævintýraóperunni Mærpöll eftir Þórunni Guðmundsdóttur og Gísli í Raven's Kiss eftir Evan Fein og Þorvald Davíð Kristjánsson. Ólafur hefur komið fram sem einsöngvari með Kór Langholtskirkju, þ.á.m. í Requiem eftir Fauré og í Jóhannesarpassíu J.S. Bach undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar. Ólafur hefur einnig komið fram sem einsöngvari á tónleikum, t.á.m. hjá Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Kammerkór Seltjarnarneskirkju, Háskólaakórnum og Ungfóníunni. Þá var Ólafur flytjandi á kammertónlistarháttíðinni Seiglu í Hörpu sumarið 2022.



# RAGNHEIÐUR INGUNN JÓHANNSDÓTTIR

## EINSÖNGVARI

Ragnheiður Ingunn (f. 2000) útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands vorið 2021 með tvöfalda bakkalársgráðu í fiðluleik og söng með hljómsveitarstjórn sem aukafag. Í síðustu viku lauk hún meistaranámi í söng við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi. Ragnheiður söng og stjórnaði kammersveit á tónleikunum „Hvað syngur í stjórnandanum?“ á síðustu Óperudögum og frumflutti þrjú verk, samin fyrir tilefnið. Hún vann söngkeppnina Vox Domini vorið 2022 og söng nýverið einsöngshlutverkið í 4. símfóníu Mahlers með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Vorið 2022 var hún ein sex ungra hljómsveitarstjóra sem valdir voru til tveggja ára náms við alþjóðlegu Malko hljómsveitarstjóraakademíuna í Kaupmannahöfn. Sem fiðluleikari hefur hún leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit MÍT, gegnt stöðu konsertmeistara Ungsveitar Sí, Ungfóníunnar og Sinfóníuhljómsveitar MÍT og leikið í Orkester Norden og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ragnheiður var valin „bjartasta vonin“ á Íslensku tónlistarverðlauninum 2023.



# RICHARD WAGNER

## LOHENGRIN, FORLEIKUR OG PRÉLÚDÍA AÐ 3. ÞÆTTI

Vísast hafa fá tónskáld haft jafn mikil áhrif á tónlistar-söguna og Richard Wagner (1813-1883). Hann fæddist í Leipzig 22. maí árið 1813 og var afsprengi hámenningar þýskumælandi ríkja sem hvíldi meðal annars á barrok-meisturunum Bach og Händel og framlagi klassískra tónskálda á borð við Haydn og Mozart. Það má líka segja að með vaxandi menningarlegum, hugmyndafræðilegum, diplómátskum og ekki hvað síst efnahagslegum áhrifum hafi hinn þýskumælandi heimur orðið að vöggu nokkurs konar menningarbyltingar á 19. öld og þaðan er Wagner sprottinn.

Wagner sótti sér innblástur í sögulegar heimildir, eða réttara sagt forsögulegar heimildir, ásamt því að sækja innblástur í stóru, þýsku heimspekingana. Markmið tónskáldsins var án efa að skapa grunn fyrir mýtur sem aftur skyldu móta grunn að menningu og þjóðerni hins nýja sameiginlega þýska ríkis. Þannig byggja persónur og leikendur í verkum Wagners á hugsjónum í stað þess að eiga sér fyrirmyndir í einstaklingum sögunnar. Tónskáldaferli Wagners má í grófum dráttum skipta í þrjú tímabil en hann var vissulega sprottinn úr vöggu rómantíkurinnar. Rætur hans lágu meðal þeirra sem lögðu Róm að velli, ríki sem nefnt er *Hið heilaga rómverska ríki* (en var hvorki heilagt, rómverskt né ríki), og siðaskiptunum.

Wagner samdi óperuna *Lohengrin* á árunum 1846 til 1847 en hún var fyrst tekin til sýninga í Weimar árið 1850. Hún telst til miðtímabilsins á tónskáldaferli Wagners. *Lohengrin* er reist á helgisögnum um hinn heilaga Gral, það er að segja bikarinn sem á að hafa verið notaður við síðustu kvöldmáltíðina. Sjálfur sagði Wagner að forleikurinn ætti að lýsa því hvernig englaskari flytur Gralinn með sér niður af himnum. Forleikurinn er í bjartri tóntegund (A-dúr) og hefst bæði og lýkur undurlítt með kröftugu millispili. Prélúdían að 3. þætti er allt öðruvísi, kraftmikil tónsmíð þar sem Wagner nýtir sér hljómsveitina til fullnustu.

Magnús Lyngdal





# MAURICE RAVEL

## LA FLÛTE ENCHANTÉE

*Les Apaches* eða „ruddarnir“ var hópur listamanna, einvörðungu karlmannna, sem starfaði í París frá upphafi 20. aldar fram að fyrra stríði. Forsprakkarnir voru tónskáldið Maurice Ravel (1875–1937), píanistinn Ricardo Viñes ásamt rithöfundinum og gagnrýnandanum Michel-Dimitri Calvocoressi, en fjölmargir listamenn voru viðriðnir lista-hópin og vikulegir fundir hans kveikja ófárra listaverka og blómlegs listræns samstarfs – meðal annars þeirra Tristans Klingsor (1874–1966) og Ravels. Klingsor gaf árið 1903 út ljóðasafn innblásið af hljómsveitarverkinu *Shéhérazade* (1888) eftir Rimskíj-Korsakov, sem varð síðan kveikjan að samnefndu verki Ravels; hann samdi í kjölfarið þrjú lög fyrir söngrodd og hljómsveit við texta Klingsors. Textarnir eru innblásnir af *Þúsund og einni nótt* og heitið vísar til sagnakonunnar í verkinu, Sjerasade. Líkt og margir evrópskir listamenn þess tíma leitaði Ravel andagiftar í aðra menningarheima, hið „exótíska óríent“ (Austurlönd í augum Vesturlandabúa) en einnig þjóðlagatónlist ólíkra landa, t.d. Jövu, Grikklands og Spánar – en Ravel var sjálfur fæddur í Baskalandi. Þannig mátti krydda hið vestræna dúr- og mollkerfi með framandi tónskölum líkt og í *La flûte enchantée*, þar sem hin unga ambátt syngur til elskhuga síns, flautuleikarans, og seiðandi tónar hans lenda líkt og koss á vanga hennar.

## OH, LA PITOYABLE AVENTURE

Óperan *Spænski tíminn* er byggð á samnefndu leikriti Franc-Nohain (1872-1934). Ravel hóf að semja tónlistina um 1907 en verkið var frumflutt árið 1911. Óperan er gamanópera í einum þætti sem gerist á Spáni á 18. öld og segir frá hinni ástríðufullu Concepción sem er gift klukku- og úrsmiðnum Torquemada; hann virðist þó ekki fullnægja þörfum hennar, enda reynir hún að sænga hjá hverjum þeim manni sem kemur inn á heimili þeirra – þó með misgóðum árangri. Í ariunni *Oh, la pitoyable aventure* eða *Ó, hið aumkunarverða ævintýr* er hún orðin einkar ergileg vegna dræmra undirtekta gestanna og misheppnaðra tilrauna sinna til að draga þá á talar.

Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir



# WILLIAM WALTON

## VÍÓLUKONSERT

William Walton (1902-1983) fæddist á Englandi og ólst upp á söngelsku heimili. Faðir hans var kórstjóri og móðir hans söngkona og á barnsaldri söng Walton í kór föður síns. Söngbakgrunnurinn átti síðar eftir að einkenna tónsmíðar hans. Tónverkasafn Waltons er ekki ýkja stórt miðað við langa ævi og má sennilega rekja það til þess að hann var haldinn fullkomnunaráráttu þegar kom að tónsmíðum. Þó liggur eftir hann nokkuð af hljómsveitarverkum, m.a. tvær sínfóniur, fjórir ballettar og tónlist fyrir kvikmyndir. Meðal þekktustu verka hans má nefna ljóðatónverkið *Facade*, dramatísku kantötuna *Belshazzar's Feast* og ekki síst víólukonsertinn.

Árið 1928 hvatti hljómsveitarstjórinn Thomas Beecham Walton til að semja víólukonsert fyrir virtúósa víólu-leikarann Lionel Tertis. Konsertinn samdi Walton veturinn 1928-29 á Ítalíu en Tertis fannst verkið of nútímalegt og hafnaði því. Þökk sé ábendingu vinar bað Walton tón-skáldið og víóluleikarann Paul Hindemith að flytja verkið og frumflutti hann konsertinn í London 3. október 1929. Frumflutningnum var afar vel tekið og hlaut hann lof almennings. Meðal áheyranda í salnum var enginn annar en sjálfur Lionel Tertis sem sá vitaskuld eftir ákvörðun sinni og bað Walton afsökunar. Ári síðar flutti Tertis konsertinn í fyrsta skipti og hélt alla tíð tryggð við verkið.

Víólukonsert Waltons nær vel að fanga hinn blæbrigðaríka tón víóluunar. Fyrsti kafli einkennist af angurværu en lýrísku stafi sem ramar inn dansandi millikafli. Við tekur stuttur og glettinn annar kafli með djassskotnum rytum. Líkt og fyrsti kafli er lokakafllinn bæði lífflegur og innhverfur í senn. Víólan og tréblásarar kallast blíðlega á og undir lok kafans heyrst mikilfenglegt millispil frá hljómsveitinni áður en víólan endurvekur upphafsstef konsertsins sem fjarar rólega út.

**Þórhildur Magnúsdóttir**



# RICHARD WAGNER

## O DU MEIN HOLDER ABENDSTERN

Óperan Tannhäuser eftir Richard Wagner (1813-1883) fjallar um kunnugleg minni ástar og örlaga. Tannhäuser er heillaður af ástargyðjunni Venus sem birtist áhorfendum sem tákmynd holdlegra nautna. En Tannhäuser elskar einnig Elisabetu, frænku landgreifans, sem stendur fyrir hina tæru, traustu og sönnu ást. Tannhäuser og Wolfram, gamall vinur sem einnig elskar Elisabetu en heldur tilfinningum sínum leyndum af virðingu við vin sinn, taka þátt í söngvakeppni landgreifans þar sem skal sungið um hina heilögu, sönnu ást. Tannhäuser móðgar Wolfram og aðra gesti með hispurslausum söng um holdlegar hvatir ástarinnar. Landgreifinn dæmir Tannhäuser í útleið og leggur fyrir hann að biðjast syndaaflausnar hjá Páfanum. Tíminn líður og Elisabet biður síns heittelskaða Tannhäuser, en þegar fregnir berast af því að Páfinn hafi neitað honum um syndaaflausn deyr hún úr sorg. Þegar Wolfram sér fyrir dauða Elisabetar syngur hann til næturstjörunnar og biður hana um kveðju til Elisabetar frá þeim sem sveik hana aldrei og óskar þess að næturstjarnan vísi sálu hennar veginn út úr dimmum dal.

**Ólafur Freyr Birkisson**



# ALBAN BERG

## LIED DER LULU

Alban Berg lést á aðfangadag 1935 frá lokapætti óperunnar *Lulu* ófullgerðum. Heil 44 ár liðu þar til óperan var loks frumflutt í heild í París undir stjórn Pierre Boulez, en þá hafði austurríska tónskáldið Friedrich Cerha lagt lokahönd á hana. Sagan hverfist um banvænu þokkagyðjuna Lulu sem taldregur alla menn sem á vegi hennar verða og ýmist myrðir þá eða verður þess valdandi að þeir taka eigið líf. Hún er í senn saklaust fórnarlamb og syndum vafinn böðull.

Berg leikur sér að raðtækni og speglunum og tileinkaði góðvini sínum Anton Webern ariuna sem Lulu syngur um miðbik óperunnar. Hún lifir þá í vellystingum með þriðja eiginmanni sínum sem hafði bjargað henni af götunni og útvegað henni starf sem ballerínu. Hann fyllist skömm þegar fimm ástleitnir aðdáendur heimsækja hana, réttir henni byssu og skipar henni að fremja sjálfsmorð. Í ariunni segir Lulu hann hafa vitað vel að hverju hann gekk þegar hann kvæntist henni enda hafi hún alltaf komið hreint til dyra. Hún skýtur eiginmanninn og hafnar í fangelsi. Eftir flóttu þaðan endar hún sem vændiskona í Lundúnum og er myrt af síðasta viðskiptavininum, Jack the Ripper.

**Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir**



# HENRY PURCELL

## AH, BELINDA WHEN I AM LAID IN EARTH

Líkt og upphafsmenn óperunnar á Ítalíu sótti Purcell (1659–1695) í hinn grísk-rómverska menningararf þegar hann samdi óperuna *Dido og Aeneas* (um 1685). Óperan byggir á fjórðu bók Eneasarkviðu (1. öld f. Krist) eftir rómverska skáldið Virgil (70–19 f. Kr.) sem segir af Trójukappanum Eneasi; á leið sinni frá Tróju til Ítalíu rekur hann á strendur Karpagó þar sem drottningin Dídó ræður lögum og lofum. Dídó fellir ástarhug til Eneasar, þrátt fyrir að hafa svarið þess eið að heitast aldrei öðrum en látnum manni sínum. Örlagagyðjurnar höfðu þó annað í hyggju fyrir Eneas sem að endingu sigldi til Ítalíu til að stofna Rómarveldi og skildi Dídó eftir í sárum, sem í örvæntingu tók sitt eigið líf.

Ekki er vitað með vissu hvenær óperan var frumflutt. Mögulega var það við ensku hirðina um 1685, en fyrsti flutningur sem vitað er um fór fram á heimavistarskóla fyrir ungar stúlkur árið 1689. Líbrettóið ritaði Nahum Tate (1652–1715) sem skömmu síðar var útnefndur hirðskáld Bretakonungs. Tónlistin er afar lífleg og leikræn og fjölmargir kórkaflar setja sterkan svip á verkið.

Í fyrri ariunni, *Ah, Belinda*, er Dídó þjökkuð af hinni forboðnu ást sem hún ber til Eneasar; í þeirri síðari, *When I am laid in Earth* – sem margir kannast eflaust við – flytur hún sína hinstu kveðju, niðurbrotin eftir svik Eneasar.

„Ég dey og enginn hefmir mín, en mun þó deyja: þannig, þannig geng ég glöð til skugga. Lát augu hins harðgeðja Dardana drekka í sig þennan eld af hafi og standi þessi illu teikn um dauða minn honum ávallt fyrir sjónum.“ Og er hún mælti þetta sjá fylgdarkonurnar hana falla fram á oddinn, sverðið löðrandi í blóði og hendur hennar ataðar. (Eneasarkviða, þýð. Haukur Hannesson; Mál og menning, Reykjavík, 1999).

**Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir**



# RALPH VAUGHAN WILLIAMS

## TVÖ LJÓÐ ÚR SONGS OF TRAVEL

Songs of Travel er níu laga flokkur eftir Ralph Vaughan Williams (1872-1958). Ljóðin orti Robert Louis Stevenson (1850-1894). Flokkurinn var frumfluttur í London árið 1904, þá sem átta laga flokkur. Ekkja R.V. Williams fann níunda lagið eftir dauða eiginmanns síns og bættist það fyrst við flokkinn árið 1960, eða 56 árum eftir frumflutning hans. Í nótnaútgáfum síðan hafa þau tilmæli fylgt níunda laginu að það skuli einungis flutt þegar flokkurinn er fluttur í heild sinni. Tvö ljóð verða flutt í kvöld: The Vagabond og Whither Must I Wander.

The Vagabond er fyrsta ljóð flokksins. Þar segir frá förusveini sem óskar sér einskis annars af almættinu en að fá himin yfir höfuð sér og veg undir fætur sína.

Whither Must I Wander er sjöunda ljóð flokksins. Þar horfir förusveinninn til baka til betri tíma þegar hann átti þak yfir höfuðið, þegar heimilið var fullt af börnum og öðru góðu fólki og andlit þeirra mátti sjá í birtunni frá arninum. Nú stendur húsið hinsvegar í eyði, skorsteinninn er kaldur og förusveinninn mun aldrei fá það sem áður var.

**Ólafur Freyr Birkisson**



# RICHARD STRAUSS

## GROBMÄCHTIGE PRINZESSIN

Í óperu Strauss frá 1912, *Ariadne auf Naxos*, við texta Hugo von Hofmannsthal, gerir farandleikkonan Zerbinetta heiðarlega tilraun til að kæta Ariadne prinsessu eftir að ástmaður hennar yfirgefur hana. Zerbinetta syngur eina lengstu sópranaríu sem samín hefur verið; fullyrðir að karlar séu skrímsli og að konur hafi sama rétt til að elska marga í einu eins og þeir. Þá telur hún upp ýmsa ástmenn sína (persónurnar koma úr ítalska gamanleiknum, *commedia dell'arte*) og lýsir því hve fljót hún er að falla fyrir nýjum mönnum. Einn koss á kinn og hún verður gjörsamlega heltekin.

**Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir**

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Emma Steele  
Una Sveinbjarnardóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Lin Wei  
Andrzej Kleina  
Kateryna Mysechko  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir

## 2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir  
Justyna Bidler  
Hekla Finnsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross  
Kristján Matthíasson

## Víóla

Rita Porfiris  
Þórarinn Már Baldursson  
Sarah Buckley  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Łucja Koczot

## Selló

Steiney Sigurðardóttir  
Urh Mrak  
Júlía Mogensen  
Hjörtur Eggertsson

## Bassi

Xun Yang  
Hávarður Tryggvason  
Þórir Jóhannsson

## Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Kristín Ýr Jónsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Julia Hantschel  
Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## Klarínnett

Grímur Helgason  
Helga Björg Arnardóttir  
Rúnar Óskarsson

## Alt saxófónn

Sigurður Flosason

## Fagott

Peder Ravn Jensen  
Guðrún Erlendsdóttir  
Dagbjört Ingólfsdóttir

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjørn Ibsen Bruun  
Joseph Ognibene  
Anna Sigurbjörnsdóttir

## Trompet

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Carlos Caro Aguilera

## Bassabásúna

David Bobroff

## Túba

Tom Yaron Meyerson

## Harpa

Katie Buckley  
Elisabet Waage

## Píanó

Guðríður Sigurðardóttir

## Semball

Guðrún Óskarsdóttir

## Pákur

Frank Aarnink

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Soraya Nayyar  
Kjartan Guðnason

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkeldsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Halla Oddný Magnúsdóttir  
*listrænn ráðgjafi*  
Jökull Torfason  
*verkefnastóri dagskrárgerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvít Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigbór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfsdóttir  
*sviðs- og tæknimaður*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Himnasælusinfónía með Barböru Hannigan

FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ | KL. 19:30 | HARPA  
FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ | KL. 19 | HOF

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan er væntanleg til Íslands á ný og heldur tvöna tónleika með hljómsveitinni. Á efnisskránni eru hrífandi tónverk þar sem ljóðræna og leikgleði Hannigan fá að njóta sín jafnt í söng og hljómsveitarstjórn; Kraftaverkasinfónía Haydns og Himnasælusinfónía Mahlers.

MÍÐASALA HAFIN